

Fylgiskjal með skattframtali árið

Framteljandi

Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala

Krafan sem fjármagnstekjur voru reiknaðir af

Nafn skuldara	Kennitala	
Hvers konar kröfu er um að ræða?	Fjárhæð sem ekki fæst greidd	
Hvenær var stofnað til kröfunnar	Upphálleg fjárhæð	
Fjármagnstekjur sem hafa verið skattlagðar og heimilt er að færa til frádráttar fjármagnstekjum. Í reit 523 á skattframtali.		

Athugasemdir framteljanda

Heimild til mótreiknings

Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur, hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs.

Sama á við um aðrar fjármagnstekjur.

Heimildin nær til fimm ára aftur í tímann frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærast mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild þessi tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og fjármagnstekna þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Hvenær telst krafa töpuð?

Að því er varðar skilgreiningu á því hvað teljist töpuð krafa/útlán er vísað til C-liðs 29. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sbr. einnig a og b liði 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994 sem leysti reglugerðina frá 1963 að hluta af hólmi, m.a. að því er varðar ákvæði 29. gr.

Tveir fyrstu stafliðir 14. gr. hljóða þannig:

a. Ef krafan er fyrnd eða það sannast á fullnægjandi hátt

að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o.þ.h.

- b. Ef telja má fullvíst um krafan fáist eigi greidd, enda þótt atvik þau sem um ræðir í a-lið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll rök að liggja til þess að hún sé að fullu töpuð. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, þ.m.t. annarra kröfuhafa, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáist af kröfunni afborganir og vextir né veð fyrir henni og efnahagur skuldara og afkoma sé þannig að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi.

Sá hluti kröfunnar sem þegar hefur verið greiddur skattur af veitir rétt til mótreiknings. Færa skal þá fjárhæð í reit 523 á skattframtali. Færa skal alla fjárhæðina þegar sýnt er að krafa fæst ekki greidd þó að frádrátturinn nýtist ekki allur á því ári. Skattstjóri sér um að millifæra á milli ára það sem umfram er. Á því ári þegar tapaðar fjármagnstekjur eru mótreiknaðar skal leggja fram vottorð eða önnur gögn sem staðfesta að krafa sé töpuð án möguleika til endurkröfu.

Dagsetning og undirskrift

Dagsetning og undirskrift